

Fundur í Betadeild miðvikudaginn 10. apríl kl. 19:30 í Glerárskóla. Mættar voru 14 konur.

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerð síðasta fundar.
4. Erindi frá stjórn.
5. Málefni Elísabetarsjóðs. Stjórn Elísabetarsjóðs.
6. Dagskrárliður frá undirbúningsnefnd; Halldóra Haralds segir frá ferð sinni til Laos í máli og myndum.
7. Önnur mál.
8. Kaffi og happdrætti.
9. Fundi slitið

1. **Setning fundar.** Erna setti fundinn í fjarveru Jónínu og Jóhanna Þorsteinsdóttir kveikti á kertum. Erna bar fyrir kveðjur frá fjarstöddum.

2. **Orð til umhugsunar.** Sigríður Magnúsdóttir var með orð til umhugsunar og var hennar innlegg: Fjáröflun í skólastarfi. Hún sagði okkur frá sínum hugleiðingum um fjáraflanir í skólastarfi út frá sjónarmiðum kennarans og einnig út frá sjónarmiði móður. Hún velti því fyrir sér hvort kennarastarfið væri líka fjáröflunarstarf, því oftast kemur það í hlut umsjónarkennarans að halda utanum fjáraflanir fyrir bekkinn sinn. Þetta var mjög skemmtileg hugleiðing sem vert er að velta fyrir sér. Hún benti okkur á ansi skemmtilega netsíðu sem heitir "[Fjáraflanir fyrir þig og þína](#)" þar sem eru allskonar hugmyndir að góðum fjáröflunum. Miklar og skemmtilegar umræður sköpuðust eftir þessi orð og höfðum við margt að segja.

3. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta fundar var lesin og var hún samþykkt með smávægilegri breytingu.

4. **Erindi frá stjórn.** Rætt var um Landssambandsþingið sem verður haldið 4. maí á Hótel Heklu á Skeiðum. Eygló, María Steingríms, Ingibjörg Auðuns og Rósa Kristín ætla að fara. Einnig var rætt um Evrópuráðstefnuna sem verður haldin í Amsterdam 7.- 10. ágúst og mun Elísabetarsjóðurinn styrkja þær konur sem þangað fara.

Þá var rætt um flutning Minniear Eggertsdóttur úr Kappadeild yfir í Betadeild og að sjálfsögðu var hún samþykkt einróma.

5. **Málefni Elísabetarsjóðs.** Anna Þóra las fyrir okkur viðmiðunarreglur vegna úthlutunar úr sjóði Elísabetar Geirmundsdóttur (bókasjóði), en eins og þið vitið þá varð sjóðurinn til við útgáfu og sölu bókar um listakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur. Þær sem sitja í stjórn Elísabetarsjóðsins eru þær Anna Þóra, Ragnheiður Stefánsdóttir og Jóhanna.

Á árunum 1995- 2011 hefur verið vetrið úthlutað úr sjóðnum um 750-780 þúsund krónum. Eftir hrun hefur sjóðurinn ekki ávaxtað sig sem skyldi og var þá spurt hvað við ættum að gera við hann. Eigum við að halda honum eða eigum við að láta hann eyðast? Ef við útlutum þeirri upphæð sem við höfðum ákveðið að verði 50.000 kr. þá gæti hann fljótlega klárast. Þá var einnig spurt hvort við ættum að lækka upphæðina. Á styrkurinn að fara eftir því hversu margar konur nýta sér hann t.d á ráðstefnur? Þetta þarf að ræða frekar því eins og

staðan er í dag þá rýrnar upphæðin inná bókinni. Einnig þyrfti að endurskoða úthlutunarreglurnar. Upp kom hugmynd um að Betakonur myndu borga í sjóðinn árlega en þó ekki á sama tíma og árgjaldið. Einnig þyrfti stjórn sjóðsins að ákveða hvaða upphæð hver kona fengi sem færi út til Amsterdam í sumar. Þá var einnig rætt hvort sjóðurinn ætti að heyra undir stjórn Betadeildar hverju sinni eða á stjórnin sem skipar Elísabetarsjóðinn að vera áfram? Ýmsar tillögur voru ræddar varðandi þetta og meðal annars að höfuðstóllinn færi aldrei niður fyrir ákveðna upphæð. Ákveðið var að stjórn sjóðsins endurskoðaði reglur hans í samráði við stjórn Betadeildar.

6. Dagskrárliður frá undirbúningsnefnd; Halldóra Haralds sagði okkur frá ferð sinni til Laos og Tælands en hún fór og heimsótti dóttur sína sem vinnur hjá Sameinuðu þjóðunum UN Women (United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women) en UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis í þróunarlöndum og stríðsátakasvæðum. Hún deildi með okkur þeim tilfinningum sem bærast í manni þegar maður heimsækir vanþróað land sem er einnig svo ótrúlega fallegt þó fátæktin sé mikil. Þetta var mjög fróðlegur og skemmtilegur fyrirlestur. Einnig sýndi hún okkur nokkuð af því sem hún keypti á mörkuðum sem var mjög fallegt og voru fílar notaðir sem skreytingarnar á sumum slæðum, töskum og öðrum varningi, því Laos hét áður “Land hinna þúsund fíla”.

7. Önnur mál. Ekkert var undir þeim dagskrárlið.

8. Kaffi og happdrætti og pyngjan látn ganga. Guðrún fékk síðasta vinning.

9. Fundi slitið. Erna þakkaði fyrir góðan fund og Guðrún slökkti á kertum. Fundi slitið kl. 21:35

María Gunnarsdóttir ritari.